

STJÓRNARTÍÐINDI A 11 — 1984

13. júlí 1984

225

Nr. 100

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 96 31. desember 1969 um Stjórnarráð
Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég samkvæmt tillögu forsætisráðherra staðfesti eftirfarandi reglugerð um breyting á reglugerð nr. 96 31. desember 1969 um Stjórnarráð Íslands.

1. gr.

7. tl. 8. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

7. Iðnlánasjóð.

2. gr.

21. tl. 9. gr. reglugerðarinnar falli niður og 22. tl. sömu gr. verði 21. tl.

3. gr.

5. tl. 14. gr. orðist svo:

5. Seðlabanka Íslands, aðra banka og sparisjóði.

4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 8. gr. laga nr. 73/1969 um Stjórnarráð Íslands öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 13. júlí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

Steingrímur Hermannsson.